

Menningardagskrá
í Garðabæ

SEPTEMBER
OKTÓBER
NOVEMBER
DESEMBER
HAUST
2026

Bókasafn Garðabæjar er lifandi staður þar sem öll eru velkomin að koma og fræðast, miðla, hittast, upplifa, og njóta góðra stunda. Fjölbreyttur safnkostur og viðburðir eru í boði fyrir allan aldur.

Foreldramorgnarnar eru á hverjum fimmtudegi yfir veturinn. Heitt á könnunni og notalegt andrúmlöft þó ekki sé skipulögð dagskrá í hvert skipti.

Norræni leshringurinn í boði Norræna félagsins í Garðabæ og klassíski leshringurinn starfa yfir vetrarmánuðina. Skráning á bókasafn@gardabaer.is

Tölvu- og tækniðstoð verður í boði frá kl. 10.00–11.00 fyrsta miðvikudaginn í mánuði og svo eftir þöntunum.

Boðið er uppá afnot af næðisklefa, þrívíddarprentara, saumavél og vínylskera.

Langir fimmtudagar eru frá 24.september til 22.október og hefjast kl. 18. Í boði verða fjölbreytt og spennandi erindi fyrir fullorðna þar sem víða er komið við.

Hannyrðaklúbburinn Garðaprión hittist annan og fjórða þriðjudag í mánuði kl. 17. Öll velkomin, hvort sem eru byrjendur eða reynsluboltar. Að þessu sinni er þemað barnateppi og að klára jólapeysuna – eða taka með sér sitt verkefni.

Vetraropnun aðalsafn Bókasafns Garðabæjar á Garðatorgi 7 er frá 9.00 – 19.00 alla virka daga og alla laugardaga frá 11.00 – 15.00.



Aðalsafn Bókasafns Garðabæjar er á Garðatorgi 7 og útibú bókasafnsins, Álfstanessafn, er í Álfstanesskóla. Upplýsingar um opnunartíma, viðburði og safnkost er á vef bókasafnsins bókasafn.gardabaer.is og á samfélagsmiðlum. Dagskrá í bæklingi er ekki tæmandi og getur tekið breytingum.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

September			
Miðvikudagur Tækniðstoð	2. september	10.00–11.00	Tölvu- og tækniðstoð.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	10. september	10.00–12.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni. Sullumbull og svaka stuð.
Laugardagur Fjölskyldustund	12. september	11.15–12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný. Fjörug tónlistarstund fyrir börn á aldrinum 2–6 ára.
Fimmtudagur Foreldramorgunn	17. september	10.30–11.30	Kennsla í ungubarnanuddi með Hrönn Guðjónsdóttur ungubarnanuddkennara. Foreldrar fá fræðslu í nuddstrofum og kostum ungubarnanudds. Skráning nauðsynleg á netfangið bókasafn@gardabaer.is
Laugardagur Smiðja	19. september	12.30–14.30	Skuggamyndir. Skuggar blóma, munstra og handa teiknaðir, Auður Helgadóttir hönnuður leiðbeinir.
Þriðjudagur Garðaprión	22. september	17.00–18.30	Þrjónaklúbbur í samstarfi við Norræna félagið í Garðabæ. Þema haustsins er barnateppi. Þrjónabær mætir á svæðið með frábærar garnvörur á afsláttarverði.
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	24. september	10.30–11.00 18.00–19.00	Kríasöngur með Þórönnu Gunný. Samverustund með tónlist og leik fyrir yngstu krílin og foreldra þeirra. Súrkál: Hollusta, saga og aðferðir ásamt fjörugu happdrætti með Dagnýju Hermannsdóttur.
Laugardagur Fjölskyldustund	26. september	11.00–14.30	Ljósaborð og segulkubbar.
Október			
Fimmtudagur Langir fimmtudagar	1. október	18.00–19.00	Drottning glæpasagnanna Agatha Christie, ævi, ritverk og leyndardómar með Kristínu Lindu Jónsdóttur.
Laugardagur Fjölskyldustund	3. október	11.15–12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný. Fyrir börn á aldrinum 2–6 ára.
Miðvikudagur Tækniðstoð	7. október	10.00–11.00	Tölvu- og tækniðstoð.
Fimmtudagur Foreldramorgunn Langir fimmtudagar	8. október	10.00–12.00 18.00–19.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni. Sullumbull og svaka stuð. Fróðlegt erindi tengt heilsu og lífsstíl. Nánar auglýst síðar.
Laugardagur Lestrarþjálfun	10. október	11.30–12.30	Lesið fyrir hund þar sem börnin lesa fyrir sérþjálfaða lestrarhunda. Skráning nauðsynleg á bókasafn@gardabaer.is
Þriðjudagur Garðaprión	13. október	17.00–18.30	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.
Fimmtudagur Langir fimmtudagar	15. október	18.00–19.30	Rabbað um bækur við áhugaverða Garðbæinga. Létt og skemmtilegt spjall um bækur og lífið. Dagskrá auglýst síðar.

Laugardagur	17. október	11.30—13.00	Leikur að myndum og orðum á Barnamenningarhátíð Garðabæjar. Fyrir 5—8 ára: Hannaðu þinn eigin dreka með lðunni Örnú skapara bókasafnsdrekans okkar. Fyrir 9—12 ára: Spreyttu þig á skemmtilegri ritsmiðju með Arndísi Þórarinsdóttur rithöfundi þar sem unnið er með orð upp úr skemmtilegri orðakrukku bókasafnsins.
Fimmtudagur	22. október	10.30—11.30	Sigrún Þorsteinsdóttir klíniskur barnasálfræðingur og rithöfundur fræðir um mataræði ungra barna og gefur góð ráð til foreldra og aðstandenda.
Foreldramorgunn		18.00—19.00	Frelsisbjarnar: Í ár eru liðin 25 ár frá árásunum þann 11. september 2001. Valur Gunnarsson rithöfundur ræðir hvernig árásirnar hafa mótað heimsmynd okkar undanfarinn aldarfjórðung.
Fjölskyldustund	24. október	11.00—14.30	Ljósaborð og segulkubbar.
Bangsadagurinn	27. október	10.00—17.00	Alþjóðlegi bangsadagurinn haldinn hátíðlegur.
Garðaprkjón		17.00—18.30	Mættu með þinn bangsa á safnið. Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.
Foreldramorgunn	29. október	10.30—11.00	Kríasöngur með Þórönnu Gunný. Samverustund með tónlist og leik fyrir yngstu krílin og foreldra þeirra.
Fjölskyldustund	31. október	12.00—13.00	Hrekkjavökuball á bókasafninu, gjafapokar fyrir fyrstu 100 gestina sem mæta í búningum.
Nóvember			
Tækniaðstoð	4. nóvember	10.00—11.00	Tölvu- og tækniaðstoð.
Jólabókaspjall	5. nóvember	19.30—21.00	Hið árlega Jólabókaspjall bókasafnsins. Heitustu höfundarnir og ljúfustu veitingarnar.
Fjölskyldustund	7. nóvember	11.15—12.00	Sögur og söngur með Þórönnu Gunný.
Garðaprkjón	10. nóvember	17.00—18.00	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.
Foreldramorgunn	12. nóvember	10.00—12.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni. Sullumbull og svaka stuð.
Fjölskyldustund	14. nóvember	13.00—14.00	Jólabókaspjall barnanna. Bókartí með piparkökum.
Foreldramorgunn	19. nóvember	10.30—11.30	Námskeið um skyndihjálp ungra barna með Hrafnhildi Helgadóttur hjúkrunarfræðingi.
Smiðja dagur	21. nóvember	12.30—14.30	Steinasköpun. Við komum saman teiknum, litum og sköpum við rólega tónlist og lampaljós. Auður Helgadóttir hönnuður leiðir smiðjuna.
Garðaprkjón	24. nóvember	17.00—18.30	Hannyrðaklúbbur bókasafnsins. Öll velkomin.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

DAGSKRÁ

Fimmtudagur	26. nóvember	10.30—11.00	Kríasöngur með Þórönnu Gunný.
Foreldramorgunn			
Laugardagur	28. nóvember	11.00—13.00	Jólakort — skreyttu þitt eigið! Í þessari smiðju njótum við ljúfra tóna klassískra jólalaga og búum til okkar eigin jólakort! Alls kyns verkfæri verða á boðstólum við gerð listaverkanna. Auður Helgadóttir hönnuður leiðir smiðjuna.
Desember			
Miðvikudagur	2. desember	10.00—11.00	Tölvu- og tækniaðstoð.
Tækniaðstoð			
Laugardagur	5. desember	11.15—12.00	Sögur og söngur í jólaskapi með Þórönnu Gunný. Fjörug tónlistarstund fyrir börn á aldrinum 2—6 ára.
Fjölskyldustund			
Fimmtudagur	10. desember	10.00—12.00	Skynjunarsmiðja með Plánetunni.
Foreldramorgunn			
Laugardagur	12. desember	12.00—14.00	Jólaperl fyrir alla fjölskylduna.
Fjölskyldustund			
Föstudagur	18. desember		Afmælisdagur Bókasafns Garðabæjar. Jólasveinaratleikur bókasafnsins hefst og stendur til kl. 12 á Þorláksmessu þegar þrír heppnir þátttakendur verða dregnir út og fá skemmtilegan jólaglaðning.
Fjölskyldustund			
Laugardagur	19. desember	11.00—15.00	Jólaró á safninu. Létt föndur á borðum, smákökur og huggulegheit.
Fjölskyldustund			
Mánudagur	21. desember	18.00—13.30	Jólanáttfatasögustund með Rósu. Ljuf sögustund fyrir börn á aldrinum 2—8 ára. Þátttakendur eru hvattir til að mæta í náttfötum og taka bangsann sinn með.
Sögustund			

Dagskrá Álftanessafns

Fjölskyldustundir eru alla fimmtudaga frá 15.00—17.00. Boðið er upp á ljósaborð og segulkubba, púsl og spil, kubba o.fl. Krakkaeldhúsið og trélestin er áfram á sínum stað.

Vetraropnunartími Álftanessafns er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14—18.

ÁLFTANESSAFN

Hönnunarsafn Íslands á Garðatorgi 1 sýnir, skráir, rannsakar, safnar og varðveitir íslenska hönnun og listiðnað. Innihaldsríkir viðburðir fyrir börn og fjölskyldur sem og fyrirlestrar, námskeið og leiðsagnir eru á dagskrá. Í safnbúð er gott úrval af hönnunarvöru.

2. janúar—30. desember 2026
HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI
Aðalsýningarsalur
150 hönnunargripir úr safneign. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og fleira varpa ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hafa skapað frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag.
5. maí—4. október
Hjólaferð með Lauf Cycles
Safnið á röngunni
Ferðalagið frá hugmynd að vöru, markaðssetningu, að skapa samfélag í kringum vöruna, að hafa það gaman og allt hitt sem þarf að takast á við í leiðinni.
29. ágúst—30. desember
Saumó
Heimsókn
Saumó er hluti af sýningaröðinni „Heimsókn“. Viðfangsefnið er hlutverk og form saumaklúbba nú á tímum.
15. september—29. nóvember
Catherine Oxley
Vinnustofudvöl
Catherine Oxley, pappírblóma meistari framlengir sumarið með dásamlegum blómum úr pappír.

4. október—29. nóvember
Barnafatamerkið Petit Pli
Pallurinn
Stofnandi og hönnuður vörumerkisins er geimverkfræðingurinn Ryan Mario Yasin sem ólst upp að hluta á Íslandi.
13. nóvember—14. febrúar
Jes Einar Þorsteinsson arkitekt
Safnið á röngunni
Á sýningunni eru teknar fyrir sjö byggingar sem gefa góða innsýn inn í höfundaeinkenni arkitektsins.
4. desember—30. desember
Sigrún Guðmundsdóttir, jólakort
Pallurinn
Sigrún hefur í mörg ár útbúið jólakort úr því sem til fellur á heimili hennar og vinnustofu.
4. desember—28. febrúar 2027
Halldór Eldjárn
Vinnustofudvöl
Halldór er tónlistarmaður og forritari sem vinnur þvert á listgreinar.

September			
Föstudagur	4. september	16.00	Fata- og textílhönnuðurinn Thelma Björk kynnis afrakstur vinnustofudvalar sinnar. Útsaumur, bólstrun og stólar ásamt fegurstu badmintonspóðum sem sést hafa eru hluti af uppskerunni.
Sunnudagur	6. september	13.00	Eldblóma jelly getur verið allskonar, hvernig vilt þú hafa þína jellymola í laginu? Hönnuðurinn Sigríður Soffía Nielsdóttir leiðir fjölskyldur inn á lendur matar- og vöruhönnunar. Allir gera sitt eigið Eldblóma jelly til að taka með sér heim að smiðju lokinni.
Miðvikudagur	9. september	12.15	Helga Pálína Brynjólfsdóttir fjallar um saumaklubbinn Baldýringafélagið Baugalín sem hún hefur verið hluti af í 30 ár.
Sunnudagur	20. september	13.00	Pappírblóma meistarinn Catherine Oxley býður gesti velkomna í upphafi vinnustofudvalar sinnar.
Október			
Sunnudagur	4. október	13.00	Vefnaðarsmiðja með ÞYKJÓ þar sem við dáleikumst inn í ferðalag þráðarins sem hlykkjast upp og niður í vefnaði. Efniviðurinn er litríkur og áferðir textílsins fjölbreyttar. Hönnuðir ÞYKJÓ leiða smiðjuna, en þau hafa hlotið verðlaun og viðurkenningar hér heima og erlendis fyrir metnaðarfull hönnunarverkefni fyrir börn.
		15.00	Petit Pli barnafatnaðurinn er þróaður af hönnuðinum og geimverkfræðingnum Ryan Mario Yasin sem ólst upp að hluta á Íslandi. Um er að ræða einkaleyfisvarða hönnun sem fellur saman eins og origami þannig að fötin teygjast og stækka eftir því sem barnið vex og hreyfir sig.
Miðvikudagur	14. október	12.15	Pappírblómameistarinn Catherine Oxley segir frá verkum sínum og hvernig það kom til að pappírblóm tóku yfir líf hennar.
Laugardagur	17. október	13.00	Sögustund fyrir fjölskylduna með Ingibjörgu Friðu Helgadóttur sem hefur getið sér gott orð fyrir útvarpsþættina Þjóðsögukistuna og í ljósi krakkasögunnar á RÚV. Í þessari sögustund leiðir hún okkur inn í heim vöruhönnunar frá nýju sjónarhorni. Vissir þú að það var barn sem fann upp á eyrnaskjólum? Hvaða fleiri óvæntar sögur tengjast hlutum í hversdeginum okkar? Liður í lokadegi Barnamenningarhátíðar í Garðabæ.
			
Sunnudagur	25. október	13.00	Pétur H. Ármannsson arkitekt flytur erindi um sögulegar byggingar í Garðabæ í tilefni af 50 ára afmæli Garðabæjar.
			
Fyrirlestur			

Nóvember			
Sunnudagur Fjölskyldusmiðja	1. nóvember	13.00	Geta gamlar buxnskálmar umbreytt í splunkunýja tösku og gengið um á ný?! Á töskusmiðjunni með Stúdíó Fléttu skapa fjölskyldur eigin töskur úr endurnýttum textíl. Lögð er áhersla á að nýta það sem til er, skoða möguleika efnisins og umbreyta því í persónulega tösku. Studio Flétta er margverðlaunað hönnunardúó á sviði vöruhönnunar.
Miðvikudagur Hádegishittingur	11. nóvember	12.15	Spjall um sýninguna Saumó. Upplagt að taka með sér prjónana.
Föstudagur Opnun	13. nóvember	16.00	Sýning á verkum Jes Einars Þorsteinssonar arkitekts.
Laugardagur Aðventuhátíð Sápusmiðja	28. nóvember	13.00	Gerum jólasápuna okkar sjálf í notalegu umhverfi í Smiðju Hönnunarsafnsins. Kannski geturðu búið til fyrstu ilmandi jólagjöf aðventunnar? Smiðjan er liður í aðventuhátíð Garðabæjar.
Desember			
Föstudagur Opnun Innflutningsboð	4. desember	16.00	Sýning á jólakortum Sigrúnar Guðmundsdóttur á Pallinum. Tónlistamaðurinn og forritarinn Halldór Eldjárn býður gesti velkomna í upphafi vinnustofudvalar sinnar.
Miðvikudagur Jólaortaskrif	9. desember	17.00 – 19.00	Gefum okkur tíma til að skrifa jólaort. Hægt að kaupa frímerki og kort á staðnum, eða koma með. Við sjáum um að fara með í póst.
Þriðjudagur Áramótahattasmiðja	29. desember	13.00 – 15.00	Árleg smiðja með hattagerðarmeisturunum Önnu Gullu og Harper sem mynda teymið H A G E Studio. Hvernig hatt verður þú með á höfði þegar þú gengur inn í árið 2027? Virðulegan pípuhatt eða partýhatt sem situr fastur með teygju fyrir dansgólfið?

**PÉTUR BJARNASON:
LIFANDI BRONSIÐ**

18. september 16.00

Minningarsýning um myndhöggvarann Pétur Bjarnason í Gróskusal, Garðatorgi. Opið föstudaga – sunnudaga kl. 13 – 17 til 11. október.



POP-UP MARKAÐUR

Laugardagana 3. október, 7. nóvember og 5. desember verður skemmtilegur markaður á göngugötunni á Garðatorgi frá 11–16. Fjölbreyttar gæðavörur og góð stemning.

Hádegistónleikar í boði menningar- og safnanefndar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir fara fram í sal Tónlistarskólans að Kirkjulundi og aðgangur er ókeypis.

Miðvikudagur	2. september	12.15	Oddur Arnþór Jónsson barítón og Hrönn Þráinsdóttir píanó
Miðvikudagur	7. október	12.15	Tónlistarhópurinn Umbra Alexandra Kjeld kontrabassi Arngerður María Árnadóttir harpa Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir fiðla og Lilja Dögg Gunnarsdóttir söngur
Miðvikudagur	4. nóvember	12.15	Bryndís Guðjónsdóttir sópran og Matthildur Anna Gísladóttir píanó
Miðvikudagur	2. desember	12.15	Þór Breiðfjörð ásamt jazztríói

**GARÐABÆJARGALA
Á ÓPERUDÖGUM**

25. október 15.00

Garðatorg 7 breytist í óperuhús þar sem valinkunnir óperusöngvarar koma fram við píanóundirleik og flytja þekktar óperuperlur. Tónleikarnir eru liður í Óperudögum.

**FLJÓTANDI DÍVA
Í ÁLFTANESLAUG**

27. október 19.00 og 20.30

Fljótandi óperudíva svífur á vatninu í risavöxnum regnhlífakjól. Skemmtun fyrir alla fjölskylduna í tilefni Óperudaga.

**AÐVENTUTÓNLEIKAR
Í VÍDALÍNSKIRKJU**

4. desember 19.30

Árlegir tónleikar þýska sendiráðsins í samstarfi við Menningu í Garðabæ, Vídalínskirkju og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Yndisleg kvöldstund sem lýkur með huggulegri samverustund og léttum veitingum. Aðgangur ókeypis en tekið við frjálsum framlögum sem renna óskipt til Landsbjargar.

TÓNLISTARNÆRING

ICELAND NOIR Í GARÐABÆ

Fimmtudagur 12. nóvember 20.00

Glæpasagnahöfundar fjalla um bækur í Sveinatungu. Menning í Garðabæ er samstarfsaðili bókmenntahátíðarinnar Iceland Noir.

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA OG MINJAGARÐURINN Á HOFSSTÖÐUM

Saga Garðabæjar frá landnámi er rakin í glæsilegri hönnun á margmiðlunarsýningunni Aftur til Hofsstaða á Garðatorgi 7 og á sýningunni í Minjagarðinum gefst gestum færi á að skyggjast aftur til landnáms. Gagarín hannaði sýningarnar sem ætlaðar eru skólahópum jafnt sem almenningi.

BARNAMENNINGAR- HÁTÍÐ Í GARÐABÆ

12. – 17. október

Nemendur grunnskólanna taka þátt í fjölbreyttum viðburðum sem fara fram í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar, Minjagarðinum á Hofsstöðum, á sýningunni Aftur til Hofsstaða og á Garðatorgi 7.

Lokahátíð fer fram laugardaginn 17. október þar sem fjölskyldur geta skapað, skoðað og notið saman.



SUNNUDAGSBIÓ Í TÓNLISTARSKÓLA GARÐABÆJAR

Sunnudagur 4. október 19.30

Sögufélag Garðabæjar stendur fyrir sýningu á heimildarmyndum úr Garðabæ. Pallborðs-umræður um sögu og þróun Garðabæjar að lokinni sýningu og léttar veitingar í hléi.



HAGYRÐINGAKVÖLD Í GARÐAHOLTÍ

Sunnudagur 1. nóvember 20.00

Sögufélag Garðabæjar stendur fyrir hagyrðingakvöldi þar sem hagyrtir Garðbæingar stíga í pontu.



AÐVENTUHÁTÍÐ GARÐABÆJAR

Laugardagur 28. nóvember 11.00 – 16.00

Fögnum upphafi aðventu með fjölskyldu-skemmtun. Jólasveinar á sveimi, jólakortasmíðja á Bókasafni Garðabæjar, sápusmíðja í Hönnunarsafninu, jólamarkaður á göngugötunni, jólaeikrit og jólaball á Garðatorgi 7. Í lok dagskrár flytur Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar syrpu.